

Ákvörðun nr. 14/2023  
Föstudagurinn, 5. maí 2023

## Kaup Topicus.com B.V. á Five Degrees Holding B.V.

1. Með bréfi, dags. 31. mars 2023, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup Topicus.com B.V. (hér eftir „Topicus“) á Five Degrees Holding B.V. (hér eftir „Five Degrees“) með samrunaskrá í samræmi við 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005. Bæði félögin eiga dótturfélög sem starfa á Íslandi og því voru kaupin tilkynnt Samkeppniseftirlitinu.
2. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningaskyldur í skilningi 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og tóku frestir til rannsókna að líða 31. mars 2023.
3. Í samrunaskrá kemur eftirfarandi fram varðandi starfsemi samrunaaðila:
  - a) Í samrunaskrá segir að Topicus sé hluti af Topicus.com samstæðunni, sem sé aftur hluti af samstæðu Constellation Software Inc. Hérlandis starfi TSS Blue Dynasty Holding ehf. eignarhaldsfélag í 100% eigu TSS Europe B.V., sem sé einnig hluti af Topicus.com. Félagið eigi allt hlutafé í DK hugbúnaði ehf. (hér eftir „DK hugbúnaður“) og sé það rekið sem sjálfstæð viðskiptaeining innan Topicus.com. Viðskiptahugbúnaður DK hugbúnaðar sé bókhalds-, ERP- (e. Enterprise Resource Planning system) og viðskiptahugbúnaður með áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki á Íslandi.
  - b) Í samrunaskrá segir að Five Degrees sé íslensk og hollensk hugbúnaðarsamstæða sem hafi verið stofnuð árið 2010 og þrói bakvinnslukerfi fyrir banka og önnur fjármálafyrirtæki. Hugbúnaðarlausnir samstæðunnar aðstoði banka við að bjóða upp á stafræna upplifun, með því að veita þeim bakendakerfi fyrir verðbréfaumsýslu, vörslustarfsemi, útlánastarfsemi, reikningastjórnun og meðferð viðskiptamannaupplýsinga. Árið 2018 festi Five Degrees samstæðan kaup á íslenska hugbúnaðarfyrirtækinu Libra ehf., sem hafði þróað bakendalausnir á sviði lána- og verðbréfaumsýslu.
4. Í samrunaskrá kemur fram að það sé mat samrunaaðila að fyrirtækin starfi á ólíkum mörkuðum. Að mati samrunaaðila þá starfi DK hugbúnaður á markaði fyrir fjárhagskerfi með takmarkaða virki og markaði fyrir fjárhagskerfi með miðlungs virkni líkt og hann var skilgreindur í riti Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2019, *Greining á markaði fyrir fjárhagskerfi*.<sup>1</sup> Samkvæmt fyrrgreindu riti leiddi rannsókn Samkeppniseftirlitsins í ljós að umræddur vöru- eða þjónustumarkaður einskorðist við Ísland og samkeppnislegt aðhald erlendis frá sé takmarkað. Afmörkun landfræðilegs markaðar sé þó ekki afgerandi fyrir þetta mál og því ekki tilefni til að taka endanlega afstöðu til þess að sögn samrunaaðila. Auk þess bjóði DK hugbúnaður upp á hýsingar- og skýjaþjónustu fyrir eigin kerfi og einnig hýsingu fyrir Office 365 fyrir þau fyrirtæki. Því telja samrunaaðilar að DK hugbúnaður starfi á markaði fyrir hýsingu og rekstur tölvukerfa

<sup>1</sup> Sjá hér: <https://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2019/skyrsla3-2019.pdf>.



og vísa því til stuðnings til frummats Samkeppniseftirlitsins á markaðsskilgreiningum í ákvörðun nr. 23/2019, *Samruni Advania Holding hf. og Wise lausna ehf.*<sup>2</sup>

5. Að sögn samrunaaðila starfi Five Degrees á sérstökum markaði fyrir hugbúnaðargerð fyrir fjármálafyrirtæki líkt Samkeppniseftirlitið skilgreindi hann í ákvörðun eftirlitsins nr. 14/2012, *Undanþágubeiðni vegna starfsemi Reiknistofu bankanna hf. og samruni við Teris.*<sup>3</sup>
6. Samkeppniseftirlitið telur ekki tilefni til að véfengja markaðsskilgreiningar samrunaaðila eða mat þeirra í því samhengi. Virðast þær í samræmi við innlenda og erlenda framkvæmd á sviði samkeppnisréttar. Samkeppniseftirlitið telur heldur ekki tilefni til þess að skilgreina formlega landfræðilegan markað í þessu máli þar sem það hefur ekki áhrif á niðurstöðu samrunamálsins um áhrif viðskiptanna.
7. Samkvæmt samrunaskrá er það mat samrunaaðila að viðskiptin muni hvorki raska samkeppni né hafa skaðleg áhrif á neytendur þar samrunaaðilar starfi á ólíkum mörkuðum. Vegna þessa séu lárétt áhrif samrunans og önnur möguleg samkeppnisleg áhrif takmörkuð eða engin.
8. Að mati Samkeppniseftirlitsins má taka undir framangreind sjónarmið. Líkt og fram hefur komið þá starfa samrunaaðilar ekki á sömu mörkuðum og lítil eða engin skörun virðist í starfsemi félaganna hérlendis. Með samrunanum auki því fyrirtækin ekki markaðshlutdeild sína með beinum hætti, engin breyting verður á fjölda keppnauta á hlutaðeigandi mörkuðum og samþjöppun lítil sem engin. Því er um að ræða samsteypusamruna sem þó varðar tengda markaði en eru almennt síður líklegir til þess að hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Samkeppniseftirlitið gaf hagsmunaaðilum auk þess kost á að tjá sig um samrunann og töldu allir þeir sem veittu umsögn að samruninn myndi hafa takmörkuð áhrif á samkeppni og þá aðallega í ljósi þess að félögin starfa á ólíkum mörkuðum.
9. Það er því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekkert í fyrirliggjandi upplýsingum eða gögnum málsins bendi til þess að samruninn myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu, eða hann raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans og lýkur því rannsókn málsins á fyrsta fasa.

### Ákvörðunarorð:

**„Kaup Topicus.com B.V. á Five Degrees Holding B.V. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

<sup>2</sup> Sjá hér: <https://samkeppni.is/media/akvardanir-2019/23-2019.pdf>.

<sup>3</sup> Sjá hér: [https://www.samkeppni.is/media/akvardanir-2012/akvordun\\_1412\\_Undanthagubeidni\\_vegna\\_starfsemi\\_RB-og\\_samruni\\_vid\\_Teris\\_l.pdf](https://www.samkeppni.is/media/akvardanir-2012/akvordun_1412_Undanthagubeidni_vegna_starfsemi_RB-og_samruni_vid_Teris_l.pdf).